

Ed.

579. Breytingartillaga

[199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Finnþoga R. Valdimarssyni.

Við 3. gr. Í stað tveggja síðustu málsgr. komi:

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðist án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

Bætur samkvæmt þessari grein skulu til ársloka 1954 vera háðar þeim takmörkunum, að árstekjur hlutaðeiganda að viðbættum bótum fari ekki fram úr 44000 kr. miðað við vísitölu 155.

Til sama tíma skulu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris samkv. 15. gr. laganna, sbr. 5. gr. þessara laga, hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga og tilsvandi fyrir hjón.

Nú reynist hækkun fjölskyldubóta, mæðralauna og elli- og örorkulífeyris samkvæmt þessari grein nema meiru en 14 millj. kr. á ári miðað við vísitölu 155, og skal þá ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins það, sem umfram er.